

Nd.

1087. Nefndarálit

[245. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1985.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Hafa henni borist margháttuð erindi og gögn. Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj. Minni hl. mun skila séráliti.

Við afgreiðslu efri deildar á frumvarpinu var gert ráð fyrir að heildarlántökur næmu alls 9462 m.kr. Þar af var ráðgert að afla 2393 m.kr. innanlands og 7069 m.kr. með erlendum lántökum. Breytingar í meðförum nefndarinnar leiða til hækkunar á lántökum um 127 m.kr. og nema því heildarlántökur 9589 m.kr.

Breytingar, sem lagt er til að samþykktar verði, eru eftirfarandi:

Áformað var að fyrirhugaðu þróunarfélagi yrði heimiluð 500 m.kr. lántaka á árinu 1985. Af þessari fjárhæð hefur ríkisstjórnin ákvarðað að 50 m.kr. gangi til eflingar rannsóknarstarfa í landinu á vegum Rannsóknaráðs og 60 m.kr. renni til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins til eflingar nýrra búgreina. Eftirstöðvum af fyrirhugaðri lántöku þróunarfélagsins er fyrirhugað að ráðstafa á eftirfarandi hátt:

1. Framkvæmdasjóður, vegna sjávarútvegsins	50 m.kr.
2. Framkvæmdasjóður, vegna lánlánasjóðs	50 m.kr.
3. Framkvæmdasjóður, vegna fiskiræktar	50 m.kr.
4. Útflutningslánasjóður	50 m.kr.
5. Þróunarfélagið	190 m.kr.

Samtals 390 m.kr.

Heildarlántökur A-hluta ríkissjóðs hækka um 120 m.kr. Felast þær í eftirfarandi atriðum:

1. Framlag til rannsóknarstarfsemi og nýrra atvinnugreina í landbúnaði	110 m.kr.
2. Kvikmyndasjóður	10 m.kr.

Heildarlántökur B-hluta ríkissjóðs hækka um 5 m.kr. og er það til laxeldisstöðvar í Kollafirði vegna endurbóta.

Lántökur fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs hækka um 202 m.kr. og skiptist sú hækkun þannig:

1. Þróunarfélagið	190 m.kr.
2. Grænifóðurverksmiðjur	12 m.kr.

Í frumvarpinu, eins og það kom frá efri deild, voru erlendar lántökur til lánastofnana áætlaðar 1562 m.kr. Í þessari fjárhæð var gert ráð fyrir 500 m.kr. erlendri lántöku vegna fyrirhugaðs þróunarfélags. Eins og fram hefur komið tekur A-hluti ríkissjóðs 110 m.kr. af þeirri fjárhæð og 190 m.kr. eru áætlaðar til þróunarfélagsins sjálfs sem fellur undir fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs.

Til atvinnufyrirtækja var gert ráð fyrir 1500 m.kr. erlendri lántöku, en nú er lagt til að hækka þessa fjárhæð um 100 m.kr. sem ganga eiga til skipaviðgerða.

Þá er leitað eftir heimild til handa fjármálaráðherra til að yfirtaka eða veita sjálfskuldarábyrgð á allt að 250 m.kr. vegna afurðalána sem skreiðarverkendur hafa fengið vegna skreiðarbirgða í árslok 1984. Hér er um að ræða aðstoð við skreiðarframleiðendur í landinu vegna söluerfiðleika á skreið til Nígeríu allt frá árinu 1982.

Þá er þess að geta að Framkvæmdasjóður mun leggja Bygðasjóði 100 millj. kr. til þess að auðvelda þeim byggðarlögum, sem eru að missa eða hafa misst skip vegna greiðslerfiðleika, að halda þeim í heimabygð.

Sömuleiðis mun Framkvæmdasjóður lána til loðdýraræktar 50 millj. kr. að fengnum tillögum Stofnlánadeildar.

Breytingar á útlánaáætlun húsbýggingarsjóða ríkisins hafa ekki verið gerðar þar sem ákveðin hefur verið viðbótarfjáröflun til lausnar á vanda húsbýggjenda.

Alþingi, 31. maí 1985.

Páll Pétursson,
form., frsm.

Friðrik Sophusson.

Halldór Blöndal.

Þorsteinn Pálsson.

Fylgiskjal I.

Heildaryfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1985 (millj. kr.)

	Sala spari- skírteina	Verðbréfa- kaup bankanna	Lífeyris- sjóðir	Önnur innlend fjáröflun	Erlend lán	Heildar- lántökur
I Opinberir aðilar	400	—	—	380	3 781	4 561
Ríkissjóður, A-hluti	400	—	—	200	926	1 526
Ríkissjóður, B-hluti	—	—	—	180	1 114	1 294
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs ..	—	—	—	—	1 415	1 415
Sveitarfélög	—	—	—	—	326	326
II Húsbýggingarsjóðir	—	—	1 045	188	553	1 786
Byggingarsjóður ríkisins	—	—	700	188	553	1 441
Byggingarsjóður verkamanna	—	—	345	—	—	345
III Lánastofnanir	—	200	180	—	1 262	1 642
Framkvæmdasjóður	—	200	150	—	1 092	1 442
Iðnþróunarsjóður	—	—	—	—	50	50
Stofnlánadeild landbúnaðarins	—	—	30	—	—	30
Útflutningslána sjóður	—	—	—	—	120	120
IV Atvinnufyrirtæki	—	—	—	—	1 600	1 600
Ósundurliðað	—	—	—	—	1 600	1 600
Heildarfjárförf (I—IV)	400	200	1 225	568	7 196	9 589

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Fylgiskjal II.

Lánsfjárförð opinberra aðila 1985
(millj. kr.)

	Endurskoðun eftir afgr. fjárlaga 1985	Eftir afgr. efri deildar	Áætlun 1985
1. Ríkissjóður, A- og B-hluti	3 601	3 248	3 373
1.1 A-hluti	2 156	1 406	1 526
1.2 B-hluti	1 445	1 842	1 847
Bygðasjóður	120	120	120
Byggingarsjóður ríkisins	—	403	403
Byggingarsjóður ríkisins v/orkusparnaðar	150	150	150
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	5	5	5
Lánasjóður íslenskra námsmanna	340	340	340
Laxeldisstöðin í Kollafirði	—	—	5
RARÍK, almennar framkvæmdir	175	169	169
Kröfluvirkjun, fjármagnsútgjöld	500	500	500
Orkusjóður, hitaveitulán	10	10	10
Orkusjóður, jarðhitaleit	10	10	10
Póstur og sími, sjálfvirkur sími	32 ²⁾	32 ¹⁾	32 ¹⁾
Umferðarmiðstöð	3	3	3
Flugstöð á Keflavíkurflugvelli	100	100	100
2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	1 800	1 213	1 415
Landsvirkjun	1 200	1 036	1 036
Orkubú Vestfjarða, framkvæmdir	40	40	40
Steinullarverksmiðja	60 ²⁾	75 ²⁾	75 ²⁾
Sjóefnavinnsla á Reykjanesi	—	50	50
Grænfóðurverksmiðja í Skagafirði	—	12	12
Grænfóðurverksmiðjur, aðrar	—	—	12
Þróunarfélag	500	0 ³⁾	190
3. Sveitarfélög	153	326	326
Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar	65	85	85
Fjarhitun Vestmannaeyja	82	82	82
Hitaveita Akureyrar	—	140	140
Hitaveita Rangæinga	6	6	6
Hitaveita Siglufjarðar	—	6	6
Hitaveita Egilsstaða og Fella	—	7	7
4. Ráðstöfun (1+2+3) = fjáröflun (5+6)	5 554	4 787	5 114
5. Innlend fjáröflun	780	780	780
Útgáfa spariskírteina	400	400	400
Skuldbreyting Endurlána ríkissjóðs	180	180	180
Önnur fjáröflun	200	200	200
6. Erlend lán	4 774	4 007	4 334
Ríkissjóður, A- og B-hluti	2 821	2 468	2 593
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	1 800	1 213	1 415
Sveitarfélög	153	326	326

¹⁾ Lántökuheimild er í lögum nr. 32/1981 um lagningu sjálfvirks síma.

²⁾ Lántökuheimild er í lögum nr. 61/1981 um steinullarverksmiðju.

³⁾ Lántökuheimild að fjárhæð 500 m. kr. flyst á Framkvæmdasjóð.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Fylgiskjal III.

Framkvæmdasjóður Íslands 1984 og 1985 (millj. kr.)

	Lánsfjárlög 1984	Endurskoðuð áætlun 1984	Láns- fjáráætlun 1985	Áætlun 1985
Fjáröflun	1 112	2 142	1 582	1 882
Eigið ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs	100	100	290	440
Lán frá innlendum bönkum	250	250	200	200
Lán frá lífeyrissjóðum	110	110	150	150
Erlend lán	652	1 682	942	1 092
Lánveitingar	1 112	2 142	1 582	1 882
Stofnlánadeild landbúnaðarins	136	161	187	187
Fiskveiðasjóður v/greiðsluhalla	400	400	440	440
Fiskveiðasjóður v/útlána	250	400	275	275
Iðnlánasjóður	205	300	440	490
Lánasjóður sveitarfélaga	14	14	5	5
Ferðamálasjóður	29	29	94	94
Verslunarlánasjóður	17	17	20	20
Stofnlánadeild samvinnufélaga	17	17	20	20
Landflutningasjóður	5	5	8	8
Útflutningslánasjóður	6	6	7	7
Lán til bættis aðbúnaðar á vinnustöðum	14	14	14	14
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	10	10	—	—
Bein útlán Framkvæmdasjóðs og fiskeldi	9	29	72	72
Veðdeild Búnaðarbankans v/skuldbreytinga	—	80	—	—
Lánastofnanir v/skuldbreytinga	—	500	—	—
Byggðasjóður v/skipasmíða	—	150	—	—
Fiskimálasjóður	—	10	—	—
Byggðasjóður v/endurskipulagningar sjávarútvegs- fyrirtækja	—	—	—	100
Sjávarútvegssjóður	—	—	—	50
Fiskirækt	—	—	—	50
Framkvæmdasjóður v/loðdýraræktar	—	—	—	50

Heimild: Framkvæmdastofnun ríkisins.

Fylgiskjal IV.

ÚTFLUNTINGSLÁNASJÓÐUR

Reykjavík, 31. maí 1985.

Fjárhags- og hagsýslustofnun,
b.t. Gunnars Hall,
Arnarhvoli.

Skv. ósk yðar sendast hér með þau gögn er fram voru lögð á aðalfundi Útflutningslána-
sjóðs þann 21. maí s. l.

Athygli er einkum vakin á áætlun fyrir árið 1985 sem gerir ráð fyrir að útlán ársins verði
135 millj. kr., sbr. 123 millj. kr. á árinu 1984. Að auki er gert ráð fyrir því að samþykkt lán
frá árinu 1984, að fjárhæð kr. 22 millj. („hali“ 1984) sem ekki tókst að borga út á árinu 1984,
verði greidd út á árinu 1985.

Þessi áætlun er byggð á því að lánsfjárlög heimili erlenda lántöku að fjárhæð 1,5 millj.
USD sem gangi til greiðslu eldri lána sömu fjárhæðar. Enn fremur að lán fáist af
„þróunarfé“ að fjárhæð 50 millj. kr.

Sérstök áætlun um skiptingu útlána milli lánaflokka hefur ekki verið gerð, að öðru leyti
en því að frá 1. jan. 1985 féllu niður lán til byggingaeininga, stálgrindahúsa og límtrésfram-
leiðslu.

Miðað við reynslu fyrri ára og umsóknir, er þegar hafa borist á árinu, gerum við ráð
fyrir svofelldri skiptingu útlána árið 1985.

	1983 m.kr.	%	1984 m.kr.	%	1985 m.kr.	%
1. Byggingar	17,1	22,8	31,0	25,3	0	0
2. Tæki og búnaður til vinnslu og geymslu sjávarafurða	37,6	50,1	62,9	51,3	90	66,7
3. Samgöngutæki	14,1	18,8	22,1	18,0	35	25,9
4. Ýmislegt	6,3	8,4	6,5	5,3	10	7,4
	75,1	100%	122,5	100%	135	100%

Virðingarfyllt,

Jónas H. Haralz.

Reinhold P. Kristjánsson.

Fylgiskjal V.

Greiðslufirlit Iðnþróunarsjóðs.
(þús. kr.)

	1984	Yfirlit 1985
Innborgarnir:		
Afborganir og vextir veittra lána	197 631	287 052
Ný lántaka	59 685	50 000
Lántökugjald af veittum lánum	2 870	3 200
Vextir og gengishagnaður af innstæðum	29 308	10 000
Áætlaðar innborganir alls	289 494	350 252
Innstæður í ársbyrjun	135 246	91 480
Til ráðstöfunar alls	424 740	441 732
Útborganir:		
Útborguð lán og styrkir	279 946	320 000
Endurgreidd stofnframlög	9 801	17 212
Vextir og afborganir NIB-lána	30 443	66 567
Annað	13 070	10 000
Útstreymi alls	333 260	413 779
Innstæður í árslok	91 480	27 953
Ráðstafað samtals	424 740	441 732

Fylgiskjal VI.

Greiðslujöfnuður við útlönd 1983—1985
(Meðalgengi hvers árs, millj. kr.)

	1983	Bráðab.- útkoma 1984	Áætlun ¹⁾ 1985
Innfluttar vörur alls, f. o. b.	-18 156	-23 889	-31 450
Skip og flugvélar	-587	-654	-1 550
Til stóriðjuvera	-1 555	-1 877	-2 520
Annar innflutningur	-16 014	-21 358	-27 380
(Par af olía)	(-3 012)	(-3 683)	(-4 780)
(Par af annað)	(-13 002)	(-17 675)	(-22 600)
Útfluttar vörur alls, f.o.b.	18 623	23 557	31 750
Vöruskiptajöfnuður	467	-332	+300
Þjónustujöfnuður	-1 730	-3 798	-4 800
Innflutt þjónusta	-10 563	-15 033	-20 060
Útflutt þjónusta	8 833	11 235	15 260
Viðskiptajöfnuður	-1 263	-4 130	-4 500
Viðskiptajöfnuður í % af VPF	-2,4	-6,0	-5,1
Framlög án endurgjalds	-42	+25	...
Fjármagnsjöfnuður	1 162	3 895	5 500
Erlent einkafjármagn	-610	409	...
Langar lántökur, nettó	2 899	3 232	2 600
Innkomin löng lán, alls	5 577	7 511	7 200
Afborganir	-2 678	4 279	4 600
Stuttar fjármagnshreyfingar, nettó	-1 127	+254	+2 900
Heildargreiðslujöfnuður	-143	-210	1 000

¹⁾ Áætlun byggð á þjóðhagsspá í apríl 1985.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Fylgiskjal VII.

Fjármunamyndun 1983—1985
(millj. kr.)

	Verðlag hvers árs			Magnbreytingar frá fyrra ári, %		
	Bráðabirgðatölur		Spá 1985	Bráðabirgðatölur		Spá 1985
	1983	1984		1983	1984	
Fjármunamyndun alls	13 000	16 630	21 424	-13,6	6,9	2,0
Par af:						
Landsvirkjun, Kröfluvirkjun, járnblendiverk- smiðja og álverksmiðja	1 148	1 160	1 106	-23,9	-15,9	-24,3
Innflutt skip og flugvélar	587	654	1 100	-22,5	-9,0	32,4
Útflutt skip og flugvélar	-117	-511	-70			
Önnur fjármunamyndun	11 382	15 327	19 288	-12,0	12,4	-0,3
I Atvinnuvegirir	5 531	7 538	10 440	-14,4	13,5	9,4
1. Landbúnaður	650	950	1 150	-14,0	29,2	-4,3
2. Fiskveiðar	731	820	730	-19,0	-7,7	-29,4
3. Vinnsla sjávarafurða	512	800	960	-15,8	26,6	-5,1
4. Álverksmiðja	22	27	20	-68,7	0,0	-40,7
5. Járnblendiverksmiðja	9	23	50	-33,3	150,0	73,9
6. Annar iðnaður (en 3.-5.)	1 150	1 850	2 200	-9,1	29,6	-6,0
7. Flutningatæki	832	783	2 120	-24,8	-26,2	113,2
8. Verslunar-, skrifstofu-, gistihús o. fl. ..	831	1 015	1 280	-9,6	0,0	0,0
9. Ýmsar vélar og tæki	794	1 270	1 930	-5,2	40,3	19,6
II Íbúðarhús	2 694	3 622	4 564	-8,0	10,0	0,0
III Byggingar og mannvirki hins opinbera ..	4 775	5 470	6 420	-15,7	-2,7	-6,8
1. Rafvirkjanir og rafveitur	1 560	1 500	1 500	-23,6	-20,4	-20,7
2. Hita- og vatnsveitur	440	670	800	-21,6	24,8	-5,2
þar af hitaveitur	(330)	(530)	(620)	-25,5	30,5	-7,2
3. Samgöngumannvirki	1 825	2 140	2 695	-5,2	4,5	0,0
4. Byggingar hins opinbera	950	1 160	1 425	-15,5	0,0	-2,5

Athugasemd: Magnbreytingar 1983 og 1984 eru miðaðar við fast verðlag ársins 1980, en magnbreytingar 1985 eru miðaðar við verðlag ársins 1984.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.